

Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar föstudaginn 19. september 2008 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Hulda Sigurðardóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Hilma Steinarsdóttir, Agnar Jónsson, Sóley Vífilisdóttir, Indriði Þóroddsson og Björn Ingimarsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 01.09.08 (Lögð fram)
- USB-nefnd 27.08.08 – *Samþykkt samhljóða.*
- USB-nefnd 15.09.08 – *Samþykkt að vísa skipulagshugmyndum varðandi þjónustusvæði vegna Drekasvæðisrannsóknna til Hafnarnefndar til frekari umfjöllunar. – Fundargerð samþykkt samhljóða.*
- Bygðaráð 15.09.08 (Lögð fram)

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Eyþing – stjórnarfundur 08.09.08 (Lögð fram)
- HNE – 112. fundur 10.09.08 (Lögð fram)

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína.

Undir skýrslu sveitarstjóra spunnust nokkrar umræður um ástand þjóðvega á svæðinu og var eftirfarandi tillaga að bókun lögð fram.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að beina því til Vegagerðarinnar að þegar verði hafist handa við nauðsynlegt viðhald vegarins á milli Raufarhafnar og Þórshafnar, um Hálsa, og eins vegarins á milli Raufarhafnar og Kópaskers, um Sléttu. Það er óskiljanlegt með öllu að íbúum þessa svæðis sé boðið upp á það að þjóðbrautin til vesturs skuli látin grotna niður en nú er svo komið að vegurinn er allt að því ófær á löngum köflum auk þess að veruleg hætta er á slysum og/eða skaða á ökutækjum við óbreyttar aðstæður.

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að koma bókuninni á framfæri við Vegagerðina.

4. Innsend erindi

Til kynningar:

- Samband íslenskra sveitarfélaga – Fréttatilkynning 09.09.08

Til afgreiðslu:

- Afgreiðsla hreppsnefndar 03.07.08. – Reglur um fjárhagsaðstoð og úthlutun á félagslegu íbúðarhúsnæði. *Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi sem hann átti með starfsmanni flélagshjónustu Þingeyinga vegna málsins. Fram kom að um væri að ræða m.a. samræmingu á reglum um fjárhagsaðstoð fyrir öll sveitarfélögin á svæðinu auk þess sem að breyttar reglur eru um margt útarlegri og skýrari en áður var. Sveitarstjóri lagði til að reglurnar um fjárhagsaðstoð yrðu samþykktar en að úthlunarreglum vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis yrði vísað til bygðaráðs til yfirferðar og tillögugerðar. – Tillaga sveitarstjóra samþykkt samhljóða.*
- Stúdentaráð Háskóla Íslands – Strætókort á höfuðborgarsvæðinu *Hreppsnefnd Langanesbyggðar furðar sig á þeirri mismunum sem sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu kjósa að beita þá námsmenn sem kjósa að stunda nám sitt þar. Vert er að vekja athygli á því að í mörgum tilvikum eiga námsmenn engan annan kost en að sækja til höfuðborgarsvæðisins kjósi þeir að stunda nám hér á landi á annað borð. Einnig er athyglivert að nokkur sveitarfélög á*

landsbyggðinni hafa farið þá leið að bjóða námsfólki upp á ókeypis aðgang að almennissamgöngum óháð lögheimili viðkomandi.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar hafnar erindi Stúdentaráðs en skorar jafnframt á sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að taka ákvörðun sína varðandi aðgengi námsfólks að almenningsamgöngum til endurskoðunar.

- Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra 2009. *Hreppsnefnd Langanesbyggðar gerir ekki athugasemd við framlagða fjárhagsáætlun HNE 2009.*
- Dóms- og kirkjumálaráðherra – Skipan almannavarnanefnda *Samþykkt að vísa erindinu til Héradnefndar Þingeyinga til skoðunar og umsagnar.*
- Útgerðaraðilar á Bakkafirði – Byggðakvóti 2007/2008 – Tími til veiða verði lengdur. *Hreppsnefnd Langanesbyggðar tekur undir þau sjónarmið er fram koma í erindi 5 útgerðaraðila á Bakkafirði varðandi nauðsyn þess að lengja frest til að uppfylla skilyrði til úthlutunar aflamarks vegna byggðakvóta 2007/2008.*

Sveitarstjóra falið að koma ályktun hreppsnefndar á framfæri við Sjávarútvegsráðuneytið.

5. Nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar

Fram kom tillaga um að í stað Marinós Jónssonar sem varamanns í byggðaráði komi Hilma Steinarsdóttir, O-lista, í stað Marinós Jónssonar sem aðalmanns í atvinnumálanefnd komi Rúnar Konráðsson, O-lista, og í stað Marinós Jónssonar aðalmanns í hafnarnefnd komi Áki Guðmundsson og varamaður í stað Áka Guðmundssonar í hafnarnefnd komi Sigurður Ragnar Kristinsson.

Samþykkt samhljóða.

6. Staða verkefna

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu verkefna og kom m.a. fram í máli hans að hann hefði, ásamt formanni Byggðaráðs, sótt samráðsfund í Reykjavík um lokaskil staðarvalsskýrslu vegna Drekasvæðisverkefnis þriðjudaginn 16. september sl. Lokaskýrslan yrði tilbúin einhvern næstu daga og yrði stefnt að sameiginlegum kynningarfundum um hana með sveitarstjórnnum Langanesbyggðar og Vopnaffjarðarhrepps fljótlega.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:32.